

FAS 28. ágúst 2017 Kennari: Hjördís	<b>Gróðurmælingar á Skeiðarársandi</b>	Hópstjóri: Ragnar Ritari: Ívar Aðrir í hópnum: Hafþór, Haukur og Oddleifur.
---	--	--

**Tilgangur:** Skoða gróður og rannsaka trjáplöntur í gróðurreitum sem FAS er með á Skeiðarársandi.

**Áhöld:** Blýantur, bönd, tommustokkar, plastbensli, merkiklippur, merkimiðar, box, vír, klippur og harðspjalda möppur.

## Lýsing framkvæmdar

Lagt var af stað frá Nýheimum morguninn þann 28. ágúst og var ferðinni heitið út á Skeiðarársand. Þegar á staðinn var komið var fyrst tekin mynd í gamalli rétt sem var nálægt.

Því næst fór hópurinn í reit 4 og hófst handa. Fyrst þurfti að taka mynd þar sem meðlimir hópsins stóðu við hornstaura reitsins. Því næst voru tvö bönd strengd á milli hornstauranna til þess að hægt væri að sjá hliðar reitsins betur. Tveir meðlimir hópsins héldu tveimur böndum á milli sín, en það voru 50 cm á milli bandana tveggja, og bjuggu þannig til minni reiti þvert á stóra reitinn. Þetta var gert svo það yrði auðveldara að telja plönturnar í reitnum. Á meðan þessir tveir meðlimir héldu böndunum svona á milli sín kom talningamaður og taldi allar þær plöntur sem voru á milli bandanna tveggja og ritarinn skrifaði það síðan niður á blaðið sitt. Því næst færðu þeir sem voru á böndunum annað bandið yfir hitt og mældu 50 cm. Þannig var komin annar renningur alveg upp við fyrri renninginn. Talningarmaðurinn kom og taldi plönturnar í þeim renning. Svona gekk þetta þangað til allur reiturinn var full talinn.

Þegar búið var að telja allar plönturnar þurfti að fara á allar merktu plönturnar, segja ritara hvernig planta þetta er, mæla hæðina, mæla lengsta ársprotu, telja fjölda rekkla, skoða ummerki um beit eða skordýr og ef plantan hafði náð 85 cm þurfti að mæla gildleika plöntunnar í 50 cm. Því næst þurfti að skoða hvort einhver ný planta hefði náð 10 cm hæð því þá hefði þurft að merkja hana en svo var ekki í þessum reit.

Því næst færði hópurinn sig yfir í reit 1 og það sama var gert þar. Í reit 1 voru mun færri plöntur svo hópurinn var fljótur með þann reit.

Hinn hópurinn var búinn að skoða reiti 2,3 og 5 og rannsaka eins og ætlast var til.

Þegar allir reitir höfðu verði skoðaðir var lagt af stað aftur heim. Í næsta tíma var byrjað á því að vinna úr upplýsingunum og var það gert með forritinu Exel. Hún Hildur, áfangastjóri hjá FAS, hjálpaði hópnum með uppsetninguna í Exel en hún er mikill sérfræðingur í Exel. Því næst var unnin skýrsla og henni skilað inn til kennara.


## Niðurstöður

Hér á eftir fara helstu niðurstöður fyrir reiti 1 og 4. Fyrstu tvær myndirnar eiga við reit 1.



### Reitur 1

**Tafla 1. Skeiðarársandur beit og skordýrabít hvert ár á trjám.**

Ár	P1-Birki		P2 - víðir		P3 - birki	
	Beit	Skordýr	Beit	Skordýr	Beit	Skordýr
2009	Já	Nei				
2010	Nei	Nei				
2011	Já	Nei				
2012	Nei	Nei				
2013	Nei	Já				
2014	Já	Já	Nei	Nei		
2015	Nei	Já	Nei	Já		
2016	Nei	Já	Já	Nei	nei	nei
2017	Nei	Já	Nei	Já	já	nei



## Reitur 4



## Samantekt/túlkun

Ef birkið er skoðað fyrst sést hvernig plönturnar hækka frá ári til árs. Þær hækka öll árin en þó mismunandi á milli ára.

Það eru meiri sveiflur í hæð víðirsins þannig að kannski ætti að mæla flatarmál hans en ekki hæð.

Í fyrri töflunni í reit 1 sést að það voru engin merki um skordýr fyrr en 1-4 árum eftir að byrjað var að merkja plöntuna. Á neðri töflunni í reit 4 má sjá að yfirleitt er lítil beit en síðustu fimm ár hefur verið óvanalega mikið af skordýrum en það er orðið minna núna.

Þá tókum við eftir því að í reit 4 var slatti af sveppum, bæði innan og utan við reitinn.

Verkaskipting var eftirfarandi:

Ragnar skrifaði haus og áhöld, Oddleifur skrifaði lýsingu framkvæmdar og Ívar og Haukur skrifuðu niðurstöður og samantekt/túlkun.

Lokið við skýrslu 7. september 2017.